

**Mál nr. 250/2014**  
**M og**  
**V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.**

**Farmur ökutækis rakst í útkeyrsluhurð og skemmdi hana þ. 21.5.2014**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.8.2014 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. júní 2014.

**Málsatvik.**

Ökumaður A var á lager byggingavöruslunar og hlóð timbri á bifreið sína þannig að timbrið lá fram fyrir bifreiðina í töluverðri hæð. Þegar ökumaður ætlaði að aka út um dyr lagersins rakst timbrið í hurðina og olli skemmdum á hurðinni. M krefst bóta vegna skemmda á hurðinni úr ökutækjatrýggingu A hjá V. M segir að bílstjóri A sé kunnugur húsinu og hafi séð um að hlaða A með þeim hætti sem gert var og þannig að hætta skapaðist af. Einnig hafi ökumaður A gerst sekur um gáleysi þegar hann ók A viðstöðulaust í átt að útidyráhurð lagersins. Þá vísar M til þess að namar séu á hurðinni sem eigi að tryggja að hún lendi ekki niður á bifreiðum, en þeir virki ekki við aðstæður þar sem farmi sé hlaðið á bifreið eins og gert var af öikumanni A. V telur að skerða eigi bætur til M um 2/3 tjónsins vegna sakar M í aðdraganda þess. V byggir á að ökumaður A hafi ekki getað gert sér grein fyrir að hurðin væri að lokast af því að hún hafi verið í það mikilli hæð og ekkert sem hafi sagt honum að stöðva. Auk þess hafi M ekki haft viðeigandi búnað á hurðinni og starfsmenn til að fylgjast með og handstýra hurðarbúnaðinum. V segir að starfsmaður hafi verið á svæðinu en séð illa til og það hafi verið gáleysi af hálfu M.

**Álit.**

Af myndbandi sem sýnir aðdraganda akstursins á hurðina sést að ökumaður A ekur viðstöðulaust áfram að útkeyrsludyrnum með farm sem fór í töluverða hæð og slútti fram. Ekki verður séð að starfsmenn M hafi verið í aðstöðu til að gera neitt varðandi akstur A sem gat leitt til þess að koma í veg fyrir umrætt tjón. Þá liggur fyrir að ökumaður A er staðkunnugur. Miðað við aðstæður verður ekki séð að ökumaður A hafi sýnt nægjanlega varúð þegar hann ók A í umrætt sinn. Verður tjónið rakið á allan hátt til þess og ekki efni til að skerða bætur til M á grundvelli 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M á því rétt á óskertum bótum úr ökutækjatrýggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á óskertum bótum úr ökutækjatrýggingu A hjá V.

Reykjavík 30.9.2014

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Ólafur Lúther Einarsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.